

MARGIT SANDEMO

SAGAN
— UM —

Ísfólkið

Vetrarhörkur 10



MARGIT SANDEMO

SAGAN
UM

Ísfólkið

Vetrarhörkur 10



Vetrarhörkur

Sagan um Ísfólkið 10
Vetrarhörkur

© Margit Sandemo, 1982
Bókin heitir „Vinterstorm“ á frummálinu.

© Katrin Agency, 2013
Íslensk útgáfa: JENTAS ehf., 2013

Þýðing: Snjólaug Bragadóttir
© kápa: Katrin Agency, 2012
Hönnun kápu: Jentas

ISBN 978-9979-64-029-5

Samningar er varða verk höfundar, þýðingu, kápu og útlit texta og notendarétt á þeim eru í eigu © Katrin Agency.

www.jentas.is
www.isfolkid.is
www.galdrameistarinn.is

JENTAS gefur bókina út á íslensku og dönsku.

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa, eða hluta af henni, má ekki afrita með neinum hætti, hvorki með ljósmyndun, prentun, hljóðritun né á annan hátt, án skriflegs leyfis útgefanda.

Sagan um Ísfólkið

FYRIR ÓRALÖNGU, mörgum öldum, fór Þengill illi út í óbyggðir til að selja Satani sál sína.

Hann varð ættfaðir Ísfólksins.

Þengli var lofað gulli og grænum skógum gegn því að ein manneskja að minnsta kosti í hverjum lið ættarinnar skyldi vera í þjónustu Satans og vinna illvirki. Viðkomandi skyldi þekkjast á gulum kattaraugum og vera göldróttari en nokkur dæmi voru til um.

Bölvunin skyldi hvíla á ættinni þar til staðurinn fyndist þar sem Þengill illi hafði grafið niður pottinn sem hann notaði til að sjóða seyðið sem manaði myrkrahöfðingjann fram.

Svo segir þjóðsagan.


Hvort hún er sönn veit enginn.

Árið 1548 fæddist maður í ætt Ísfólksins, undir þessum álögum. Hann reyndi að snúa hinu illa til góðs með lífernir sínu og var því kallaður Þengill góði. Þessi saga er um fjölskyldu hans og afkomendur.

Kannski má þó segja að hún fjalli mest um konurnar í ættinni.

Ísfólkið

Afköndur Þengils hins illa, um árið 1200



1

VILLIMEY, EINKADÓTTIR Gabríelu og Kalebs vaknaði í dögum við að kastað var mól í gluggann hjá henni.

Hún stóð upp en skjögraði og varð að styðja sig. Hún var svosem orðin vön þessu og átti sjálf sök á hungrinu sem nagaði hana og gerði hana máttlausa. Villimey var sérlega viljasterk ung kona.

Árið 1673 ríkti sannkölluð neyð í héraðinu eftir margra ára óáran með uppskerubresti og skepnufelli. Heimili hennar, Elíbakki, var að vísu betur statt en flestir bæir sóknarinnar því af miklu var að taka. En Villimey var þrjósk. Hún vildi deila kjörum með öðrum meðan hún megnaði og virtist hreinlega njóta þess að pína sig.

Það var farið að sjást á útliti hennar. Hún var nú orðin sautján ára og sérkennilega aðlaðandi, en rauða, gljáandi hárið var þó orðið matt, gulgrænu augun lágu djúpt og húðin var nánast gagnsæ.

Öll ljómaði hún samt af innri glóð sem var næstum ógnvekjandi og kom fram í kvikum hreyfingum, hröðum og áköfum talsmáta og eldmóði í augunum... alls staðar sást þessi mikli kraftur, eins og í eldfjalli fullu af hraunkviku.

Hún komst að glugganum. Þar stóðu Nikulás og Irmilín, árinu eldri frændsystkin hennar frá Lindigarði og Grásteinshólma.

Villimey gaf þeim merki um að hún kæmi út.

Í snatri tíndi hún á sig nokkrar spjarir. Hana skipti litlu hvernig hún leit út. Hún þreif sig vel en það var allt og sumt. Gabríela hafði oft örvænt yfir óreiðunni á dóttur sinni.

Stúlkan þjáðist í raun af óstjórnlegri lífsorku. Hún þráði eitthvað sem hún vissi að leyndist í framtíðinni og hlakkaði til

að upplifa. Þegar aðrir töluðu um ást hafði það aðra merkingu í huga hennar. Þar var ást eitthvað skilyrðislaust, maður gaf sig bara allan og varð ekkert nema ást. Hún hafði aldrei reynt þetta... en beið.

Hún fór út á hlaðið. Kalt var í veðri enda farið að frysta á næturnar.

–Sæl, sagði hún og sá enn einu sinni að Nikulás var orðinn aðlaðandi, ungur maður með þessi skásettu, gulu augu. –Hvað er að? Því komið þið svona snemma?

–Það komu þjófar á Grásteinshólma í nótt, svaraði hann.

–Ég er ekki hissa. Matur?

–Líklega var það ætlunin, sagði Irmilín. –Þeir náðu samt engu.

–Bjálfar, sagði Villimey. –Þeir vita að pabbi þinn skiptir eins réttlátlega og hann getur milli allra bæjanna. Er vitað hverjir það voru?

–Líklega frá Svartaskógi.

–Gat nú verið. Hvaða brenglaða stolt er í þessu fólki? Það neitar að þiggja aðstoð okkar, vill heldur stela frá okkur. Til hvers komið þið annars?

–Pabbi er í húsvitjun, sagði Irmilín. –Mamma sofnaði svo seint að ég vildi ekki ónáða hana. Mér datt í hug að við gætum gert eitthvað.

–Hvernig þá?

–Vinumennirnir skutu á eftir þjófunum og hittu. Við röktum blóðslóð alveg upp í skógarjaðarinn.

–Æ, æ. Bíðið, ég sæki eitthvað. Ertu með eitthvað til að binda um sár, Irmilín?

–Já, ég fór í dótið hans pabba. Ég held að þeir séu báðir sárir. Flýttu þér.

Villimey kom að vörmu spori með körfu og svo hlupu þau upp að Grásteinshólma. Hún var slappari en hin en beit á jaxlinn til að dragast ekki aftur úr. Irmilín var bústin og vel byggð,

sterkleg eins og Yrja, amma hennar, rólynd, en ákveðin. Þau Nikulás voru bæði ótrúlega sterk, enda var hann af ætt Ara.

–Hefurðu heyrt nokkuð í Dominic? stundi Villimey lafmóð upp þegar þau hægðu á sér... hennar vegna, þótt þau voru of tillitssöm til að segja það.

–Já, svaraði Nikulás. –Hann skrifaði og sagðist koma í haust.

–Gott. Það verður gaman að sjá hann aftur. Það eru liðin þrjú ár.

Eiginlega var hún ekki viss um að það yrði mjög þægilegt. Dominic hafði enn sérstakan hæfileika til að láta henni líða eins og klaufa og reisa allar burstir.

Nikulás hélt áfram: –Hann kemur einn í þetta sinn. Þú veist að það fékk mjög á Mikael frænda og Anette þegar Marsja Kristjana dó í fyrra. Nú er Gabríel Oxenstjerna líka dáinn. Þau eru mjög niðurdregin og geta ekki hugsað sér að ferðast núna.

Villimey kinkaði kolli. Hún vissi að besti vinur Mikael, hin elskulega Marsja Kristjana, hafði átt mjög erfitt. Átta börn hafði hún eignast og misst þrjú. Það yngsta var bara tveggja ára þegar hún veiktist. Í þrjú ár hafði hún síðan legið veik í Stokkhólms höll áður en hún losnaði frá þjáningum sínum. Dominic hafði lofað henni að bregðast aldrei þeim syni hennar sem hann hafði svo oft vakað yfir og alist upp með, Gabríel, sem var fjórum árum yngri en hann, sonur ríkisstjórans og sonarsonur flotaforingja konungs. Marsja Kristjana hafði haft áhyggjur af drengnum. Hann hafði ekki það til að bera að verða eitthvað mikið eins og pabbi hans og afi. Í sjálfu sér skipti það ekki máli, en hann var afar uppburðarlítill.

Vegleg útför hennar var gerð frá Stórkirkjunni og þar hvíldi hún nú hjá manni sínum. Mikael hafði syrgt hana innilega.

Og nú kæmi Dominic einn! Spannandi! Villimey fannst allt spennandi, líka ævintýrið sem þau voru að leggja upp í núna... að leita að særðum þjófum frá Svartaskógi.

Bara að hún væri ekki svona skelfilega þreytt. Fætarnir létu undan og hjartað virtist slá óreglulega.

Þau fóru framhjá Grásteinshólma og röktu blóðslóðina í átt að skóginum. Það var ekki erfitt þótt blóðið hefði víðast sigið niður í mosa og mold. Brátt fundu þau annan þjófinn undir tré, þar sem hann hafði verið lagður til.

–Hann er dáinn, sagði Nikulás hræddur. –Þar fór í verra.

Þau stóðu þögul og hugsuðu öll það sama: Nú var hið eilífa, þögla stríð milli Grásteinshólma og Svartaskógar orðið blóðugt. Ekki myndi hatrið í garð Ísfólksins minnka við það.

Þau fundu það næstum umhverfis þennan fertuga mann. Hann hafði verið níðingur en enginn hafði óskað honum dauða.

–Látum hann liggja í bráðina, sagði Villimey. –Slóðin heldur áfram. Flýtum okkur svo við fáum ekki fleiri líf á samviskuna.

–Þetta er ekki okkar sök, sagði Nikulás.

–Nei, sagði Irmilín meðan þau gengu áfram. –En okkar menn eru of skotglaðir. Þeir voru skammaðir og það fer líklega fyrir dóm.

–Þeir voru bara að verja bæinn, sagði Nikulás. –Kannski fullvel.

Skógurinn þarna var þéttur greniskógur með mýrlendum sverði. Raddir þeirra hálfköfnuðu milli þéttra greinanna og öðru hverju flaug upp fugl.

Villimey gaut augunum á Nikulás þar sem hann leitaði að sporum í mosanum. Hún brosti með sjálfri sér þegar hún minntist Jónsmessuskemmtunarinnar um sumarið. Hún hafði staðið við bálið milli Lindigarðs og Grásteinshólma og starað í logana, altekin af dansi litanna. Svo kom upp þúki í henni og hún bað Nikulás að fylgja sér heim, hún væri svo myrkfælin.

Þá strax hafði hann litið hissa á hana því Villimey var þekkt fyrir allt annað en að vera myrkfælin. Enn meira undrandi hafði hann orðið þegar þau komu niður í einibrekkurnar fyrir

ofan Elíbakka. –*Kysstu mig, Nikulás, hafði hún sagt hlæjandi. – Því skyldi ég gera það?* hafði hann spurt. –*Bara af því mig langar til að vita hvernig tilfinning það er. – Þú ert ekki með réttu ráði, Villimey.* Hún hafði snúist á hæli og farið en hann kallað á eftir henni að bíða. –*Jaaá, hafði hún svarað, undur blíðróma.* Hann stamaði: –*Kannski... kannski mig langi til að vita það líka...* –*Gott og vel! –En það skiptir engu. –Auðvitað ekki, Nikulás.*

Varlega höfðu þau þreifað sig áfram, eins og unglingar allra tíma hafa gert við fyrsta kossinn. Þau höfðu sett á svið leik, létu sem þau væru ástfangin og snertu hvort annað með vörunum. –*Mmmm... ég elska þig,* hafði hún umlað við háls hans. Hann leit skelfingu lostinn á hana. –*Meinarðu það? –Æ, klaufinn þinn, nú eyðilagðirðu allt, hvæsti hún. –Ég er bara að æfa mig á þér.* Þau höfðu haldið áfram að leika og þegar hann hvíslaði *ég elska þig,* skildi hún viðbrögð hans. Henni fannst næstum að hann meinti þetta. –*Þú leggur alla sálina í leikinn,* hafði hún hvíslað. –*Um hverja ertu að hugsa? –Það kemur þér ekkert við,* svaraði hann. –*Hvað um þig? Þú ert býsna áköf. Um hvern hugsar þú? –Engan,* hafði hún svarað. –*Mér finnst þetta bara gott.*

Skyndilega sagði hann: –*Nei, þetta er asnalegur leikur. Við gerum þetta aldrei aftur.* Hann sleppti henni svo snögg að hún var næstum dottin. –*Gleymum þessu. Þú kemst ein heim núna.* Svo fór hann bara.

–Hér eru ný spor, sagði Irmilín og Villimey einbeitti sér aftur að leitinni.

Þau þurftu ekki langt til að finna hinn manninn. Hann lá á jörðinni, gráfölur í andliti, með samanbitnar tennur og hárið klesst við svitastokkið ennið.

–Hamingjan góða, það er Eldar, sagði Nikulás lágt. –Nú erum við illa stödd.

–Hann er verr staddur en við, sagði Villimey.

Þetta var drengurinn frá Svartaskógi sem þau höfðu fyrir

mörgum árum mætt á veginum við Grásteinshólma. Þau vissu að hann og Guðrún systir hans voru kjarninn í hatrinu til Ísfólksins, einkum systirin. Sá dáni var frændi þabba þeirra eða eitthvað slíkt. Tengsl fólksins í Svartaskógi voru afar flókin en allt var það andstygðin uppmáluð.

Villimey hafði ekki séð Eldar í nokkur ár og aldrei svona nálægt.

Ég sem er svo horuð, hugsaði hún, alveg ómeðvitað.

Eldar var nú stæltur, ungur maður, 25 ára, ljóshærður með píró, ísgrá augu. Það hafði alltaf verið eitthvað villt í fari ættarinnar og Eldar var engin undantekning. Augun voru eins og í rándýri og það heillaði Villimey, þrátt fyrir inngróna andúð á manningum. Hann var svo myndarlegur að það jaðraði við ósvífni.

Þegar Eldar sá þau reyndi hann að færa sig fjær. Biturðin skein úr andlitinu.

Irmilín spurði blíðlega: –Af hverju gerðuð þið þetta? Við hefðum hjálpað ykkur ef þið hefðuð beðið um það.

–Haldið þið að við þiggjum hjálp frá afsprengjum Satans? hvæsti hann milli tannanna.

–Þið getið þó stolið, hreytti Villimey út úr sér.

–Fólkið heima er að deyja, svaraði hann í sama tón. –Þið lúrið á matvælunum handa ykkur.

–Við gerum það *ekki*, sagði Nikulás hvasst. –Þú veist það vel. Þú getur spurt hvern sem er á leigubýlunum. Það eruð bara þið sem eruð svo forstokkuð að neita að taka við því sem ykkur ber, af því býlið heyrir undir Grásteinshólma.

Maðurinn gat varla talað fyrir sársauka og þreytu en augu hans skutu gneistum. –Hvernig stendur á því að bara þið eigið mat? Þið hafið líklega samið við Satan. Slíkt hefnir sín... eftir dauðann.

–Bull og þvæla, sagði Nikulás og settist á hækjur sínar til að

skoða hann. Eldar hörfaði.

–Bara augun í ykkur, sagði hann. –Henni. Hann benti á Villimey. –Eru svona augu eðlileg?

–Í okkar ætt.

–Einmitt. Allir vita hvar Ísfólkið á heima.

Villimey nennti ekki einu sinni að hlusta á svona. Hún naut þess bara að horfa á hægar hreyfingar stæltis líkama hans. –Þú ert meiddur á fæti. Stígvélið er tætt.

–Burt með skítugar lúkurnar! Ég bjarga mér sjálfur.

–Ég sé það, svaraði hún þurrlega. –Hve alvarlegt er ástandið heima hjá þér?

–Ykkur kemur það ekki við.

–Gleymdu þessu kjánalega stolti um stund og hugsaðu um hin. Við höfum engan áhuga á þér, bara heimilinu.

Hann rauk upp. –Var það ekki þeirra vegna sem við gerðum þetta?

–Við vitum það ekki, hélt Villimey áfram. –Jæja?

Hann lokaði augunum. –Ég sagði að þau væru að dauða komin. Þau skrapa börkinn af trjánum til að fá eitthvað og borða líka lifurnar undir berkinum.

–Þau eru ekki ein um það í byggðinni, sagði Villimey. –Nikulás og Irmilín, farið með körfuna í Svartaskóg. Ég sé um kjaftaskinn á meðan.

Eldar reyndi að reisa sig upp –Þið farið ekki þangað. Þið eigið ekkert erindi.

–Þá bíðum við eftir þér. Liggðu kyrr, við tökum stígvélið.

–Snertið mig ekki! Hafið þið ekki gert okkur nóg illt?

Nikulás sagði: –Við hörmum dauða frænda þíns. Við fundum hann í skóginum. Vinnumennirnir áttu ekkert með að skjóta á ykkur.

–Honum líður prýðilega, fussaði Eldar. –Hann var heppinn. Ætli ég missi ekki höndina. Það hefur ekkert nema illt komið frá

ykkur.

Villimey byrsti sig: –Hlustaðu á mig, þverhausinn þinn! Langafi minn dæmdi langafa þinn til dauða fyrir blóðskömm. Það eru 50 ár síðan! Finnst þér þurfa að þrasa um það *núna*?

–Hann gerði meira. Hann tók af okkur býlið.

–Hann gerði það ekki og þú veist það. Langafi þinn vanrækti búið á allan hátt svo það varð að fara á uppboð og langafi minn átti engan þátt í því. Gaf hann ykkur ekki Svartaskóg í staðinn... af því hann vorkenndi saklausri fjölskyldu langafa þíns? Þið gátuð þegið það.

–Minna gat hann ekki gert. En þá urðum við *leiguliðar*, við sem vorum sjálfstæð áður. Hann niðurlægði okkur.

–Þetta eru grófar lygar um hinn góða langafa okkar Irmilínar, Dag Meiden. Ég ansa því ekki einu sinni. Lyftu fætinum!

–Aldrei! Komið ekki nálægt mér!

Nú fauk ærlega í Villimey. –Lyftu fætinum, bannsettur bjálfinn þinn! Þrumaði hún svo undir tók í skóginum... jafnframt því sem hún tók undir fótinn og rykkti stígvélinu af. Eldar æpti af sársauka og reiði.

Blóðið fossaði úr stígvélinu og fóturinn var þakinn rauðbrúnu, storknu blóði.

Irmilín sótti vatn í næsta mýrarpoll og þvoði fótinn til að komast að því hvar sárið var. Eldar megnaði ekki lengur að veita mótþróa. Hann lá bara slappur á bakinu og lét blótsyrðum rigna yfir þau.

Nikulás hafði gætt þess að leyndu sem flesta þeim lækningamætti sem bjó í höndum hans. Hann kærði sig ekki um að fólk færi að streyma að og liti á hann sem eins konar dýrling. Hann vildi ekki leggja hendurnar á fótlegg Eldars. Frænkurnar bundu um sárið eftir bestu getu. Þetta illyrmi yrði að bjarga sér án hjálpar Nikulásar.

Þegar blæðingin hafði verið stöðvuð og umbúðirnar komnar á

reistu þau Eldar á fæturna.

–Styddu þig við okkur Nikulás, sagði Villimey.

–Ég held nú síður.

Villimey sleppti honum svo hann seig saman og hann krossbölvaði henni.

Meðan þau bösluðu við að reisa hann upp aftur sagði Irmilín sinni mjúku röddu: –Ég hef ekki séð þig nokkuð lengi.

Hann hvæsti. –Það er varla merkilegt. Ég hef verið að heiman í mörg ár.

–Líklega í fangelsi, sagði Villimey.

Hann pírði augun. –Nei, reyndar ekki. Eru börn ekki vön að fara að heiman þegar þau fullorðnast? Þið dekurbörnin vitið auðvitað ekkert um það. Ég kom heim vegna neyðar þar sem ég vann og ekki var til matur handa öllum. Að hverju kom ég? Algerri eynd á heimili sem enginn hafði kært sig um.

–Taldirðu þig þá í fullum rétti til að stela? Hefði ekki verið einfaldara að koma og segja frá ástandinu?

Eldar nam staðar sem snöggvast, rétti úr sér og leit niður til hennar. –Þið hafið víst aldrei skilið hvað það þýðir að vera frá Svartaskógi.

–Jú, svaraði Villimey að bragði. –Stolt og hroka og niður með alla aðra.

Rétt í svip sá hún einhverju öðru bregða fyrir í augum hans... þreytu, beiskju og uppgjöf. –Nei, sagði hann lágt. –Þið skiljið ekkert.

Sér til undrunar varð hún orðlaus.

Skömmu síðar birtist býlið Svartiskógur milli trjáanna

Villimey hafði aldrei komið þangað, bara séð þangað á lengdar ofan af ásnum. Þetta var ekkert kot, stærra en flest býli leiguliðanna en það tilheyrði Grátseinshólma og það þýddi að ábúendur þyrftu að inna af hendi dagsverk þar öðru hverju. Þeir létu hins vegar sjaldan sjá sig svo Meiden-fólkið var í

fullum rétti til að reka þá af býlinu... en gerðu þó ekki. Það var ekki venja þess að gera aðra heimilislausa.

Í hvert sinn sem Villimey hafði horft heim að bænum hafði farið hrollur um hana. Andrúmsloftið þarna virtist sjúklegt... það bar keim af einhverju sem ekki mátti tala um...

Allir þekktu viðbjóðslegu söguna um ættföðurinn sem hafði lagst á tvær dætur sínar og misst höfuðið fyrir vikið. Sá sem þau höfðu fundið dáinn í skóginum hafði verið ávöxtur níðingsskapar karlsins á annarri dótturinni, en ekki Eldar. Hann var langafabarn þess gamla.

Ekki vissi Villimey hversu margir voru í heimili í Svartaskógi eða hvernig þeir voru skyldir. Sagt var að afkomendur syndaníðingsins væru skrytnir en henni fundust þau það raunar öll.

Ættfaðirinn hafði átt stórt býli í næstu sveit og staðið þar jafnfætis Ísfólkinu í Lindigarði. Hann hafði þó látið býlið drabbast svo niður að ættin missti það og nú kallaðist hún bara Svartaskógar-fólkið. Villimey hafði heyrt að þeir sem bjuggu á gamla býlinu sættu líka hrellingum þessarar útskúfuðu ættar. Reyndar var það rangt orð, þau höfðu sjálf skapað sér þetta hlutskipti.

Henni hafði alltaf fundist þau öll úrhrök... en nú var hún ekki viss lengur. Hafði hún nokkurn rétt til að dæma? Síðustu orð Eldars höfðu vakið hana til umhugsunar. Var það þetta sem hann meinti... að hún, eins og allir aðrir, væru enn fullir viðbjóðs á glæpum langafans og látið alla afkomendur hans gjalda fyrir það... rétt eins og Ísfólkið leið vegna ættföður síns?

Í einhverju kasti af vorkunnsemi og samkennd sneri hún sér að Eldari en mætti engu nema fjandskap. Við hverju var að búast? Þetta var vörn gegn afstöðu byggðarfólksins.

Hún mundi fundinn við systkinin Guðrúnu og Eldar fyrir mörgum árum. Irmilín hafði boðið þeim vingjarnlega að koma í

saft og kökur heim á Grásteinshólma. Eldar hafði hikað og næstum þegið boðið. Systirin var hörkutólið sem neitaði öllum samskiptum.

Nú var Eldar orðinn eins og hún.

Var það svo skrýtið?

Hann var orðinn ótrúlega myndarlegur, ekki gat hún neitað því. Hann vakti í henni uppreisnarandann sem foreldrar hennar höfðu alltaf reynt að bæla. Þau vissu að þegar örlaði á honum myndi hún gera eitthvað ósvífið.

En Villimey ákvað að halda sig á mottunni í þessu tilviki, vera hlutlaus og láta Eldar njóta sanngirni, þótt hann vildi þrasa.

Hann stansaði í skógarjaðrinum. Húsin í Svartaskógi blöstu við. Hann greip snögg um grein til að halda sér uppi og sagði:

–Nú getið þið farið til fjandans. Ég bjarga mér.

Villimey gleymdi öllum ásetningi um að vera væn. –Eins og þér þóknast, sagði hún, eilítið illkvittin, því hún vissi að hann kæmist ekki langt. –Hér er karfan með mat handa fjölskyldunni.

–Við kærur okkur ekkert um skemmda afganga frá ykkur.

–Við ættum kannski að líta undan svo þú gætir stolið henni, svaraði hún. –Þá bragðast innihaldið betur.

–Bannsett tæfan þín, sagði hann hægt og fyrirlitlega. – Aumingja maðurinn sem þú giftist.

–Þar skaustu framhjá því ég ætla ekki að giftast. Kvíddu engu, síst myndi ég vilja þig.

–Guð hjálpi mér... hann svimaði greinilega og skalf allur af áreynslunni við að hanga í greininni. Nikulás tók af honum fallið. Eldar losnaði frá vonsku heimsins um stundarsakir.

–Of mikill blóðmissir, sagði Nikulás. –Sennilega hungur líka.

–Hvað eigum við að gera? spurði Irmilín.

–Látum hann liggja! Þá getum við kannski hjálpað hinum.

–Eigum við að voga okkur inn?

–Mér skilst að þau séu nær dauða en lífi. Komið.

–Verst að við höfum ekki meiri mat, sagði Irmilín. –Ég hugsaði ekki út í það.

–Við getum fært þeim korn á morgun. Þá geta þau bakað.

Hikandi nálgudust þau húsin. Öll voru kvíðin. Villimey hefði ekki orðið hissa þótt þarna leyndust vanskapningar og röflandi bjálfar. Hún vissi að það var ljótt að hugsa svona, en sögurnar í byggðinni höfðu litað hugsanir hennar.

Dyrnar voru ólæstar og þau komu inn í dimma vistarveru. Það var enginn á ferli nema rottur sem skutust tístandi um.

Þau vissu að neyðin á svæðinu var mikil en þetta var það versta sem þau höfðu séð...

Þau dvöldu þarna í klukkutíma, elduðu graut úr byggmjöli, gáfu börnunum mjólk og reyndu að koma brauðbitum í fullorðna fólkið. Úr allra augum skein uppgjöf og enginn sagði þeim að fara norður og niður. Vesalings fólkið gat varla bært varirnar.

Guðrún var þarna en allur fjandskapurinn sem hún gat sýnt var að snúa andlitinu til veggjar. Villimey sneri henni einfaldlega við aftur og neyddi hana til að kyngja grautnum. Þegar Guðrún fann bragðið hvarf mótþróinn.

Þau skiptu á rúmum þar sem því varð við komið og þegar Nikulás fann lítinn, stóreygan dreng þakinn sárum, vék hann frá venju sinni og fór næmu, hlýju höndunum um snáðann. Villimey sá það og kinkaði kolli.

Allt í einu varð hún þess vör að Eldar stóð í gættinni og hélt dauðahaldi í dyrastafinn.

Hann horfði á Irmilín sem mjúkhent og blíð hjálpaði ættingjum hans en hann virtist hissa á því að sjá Villimey við sömu iðju. Hún var ekki jafn ástúðleg í fasi og frænka hennar en auðheyrt var að á bakvið stuttaralegar hughreystingar lá skilningur á þjáningum annarra.

Sjálfur gat hann ekkert hjálpað, hann var gersamlega magnþrota. Hann gat bara fylgst með, hvort sem honum líkaði betur eða verr það sem hann sá.

Villimey var að gefast upp, hann sá að hún var óstöðug á fótunum og loks lét hún fallast skjálfandi niður á rúmstokk.

–Hvað er með þig? spurði hann hvasst. –Þolirðu ekki að sjá eymdina?

Nikulás leit upp. –Villimey borðar sáralítið svo aðrir fá meira frá Elíbakka. Hún gefur það sem hún þarfnast sjálf.

–Að hugsa sér, sagði Eldar og gretti sig en varð enn einu sinni hissa á henni.

Þegar þau voru búin að öllu sem þau gátu sagði Irmilín alvarleg við Eldar: –Ég sendi mann á morgun með rúg- og byggmjöl. Vertu svo vænn að taka við því, þeirra vegna.

Eldar hafði ekki af henni augun eins og hann væri að meta andstæðing. Svo kinkaði hann kalli.

Þau fóru án þess að fá eitt einasta þakkarorð en þau höfðu svo sem ekki gert þetta í því skyni.

Villimey kvaddi hin niðri á veginum og hraðaði sér stystu leið heim.

Hún hafði ákveðið að fara að borða aftur.

Leið hennar lá framhjá kirkjunni og hún hægði gönguna. Svo snerist hún á hæli og fór inn í kirkjugarðinn.

Hugsi gekk hún framhjá legsteini Þengils og Silju. Villimey hafði ekki þekkt þau. Hún nam staðar við annan stein.

Líf amma...

Þau höfðu öll verið lengi að átta sig á því að hún væri ekki lengur meðal þeirra. Hún hafði lifað í 85 ár... það var mjög löng ævi. Villimey minntist samræðna þeirra einn af síðustu dögnum. Sjálf hafði hún bara verið 12 ára en orðunum myndi hún aldrei gleyma.

–Villimey, hafði Líf sagt. –Þú veist að nú eruð þið þrjú með gul

augu Ísfólksins. Ég óttast ekki illskuna, ekkert ykkar hefur hana. Hins vegar veit ég að þú ert sú sem munt eiga erfiðast.

–Af hverju, amma?

–Af því þú hefur sömu eldsálina og vesalings frænka mín og uppeldissystir, Sunna. Hún var þó miklu verr stödd en þú en annars eruð þið skelfilega líkar í ykkur. Hugsaðu þig alltaf fimm sinnum um áður en þú gerir eitthvað. Það er auðvelt að gera skyssur þegar maður er eins ákafur og þú í öllu. Ef þér tekst að halda vissu jafnvægi geturðu öðlast betra líf en flestir.

Villimey hafði kinkað kolli og faðmað langömmu sína innilega.

Þegar hún gekk út úr herberginu heyrði hún hana hvísla í döprum tón:

–Vesalings stúlkan mín. Megi Drottinn miskunna sig yfir þig.

Langamma hafði haft rétt fyrir sér. Villimey hafði nú þegar uppgötvað hve erfitt var að finna jafnvægið, ekki síst þegar mann langaði til að sleppa fram af sér beislinu við flest tækifæri.

Ekki áttu Nikulás og Dominic við þann vanda að stríða. Af hverju sluppu þeir og hún fékk allan óróleikann? Náðargjöf Nikulásar voru læknanði hendur og hún gat nýst vel. Dominic gat fundið hvað leyndist innra með öðrum. Bara að hún hefði fengið svo spennandi vöggugjöf. Mikið hefði hún þá getað skemmt sér. Í staðinn hlaut hún óstöðvandi þrá og eilífa baráttu milli hennar og skynseminnar. Það var þjakandi.

Villimey stundi þungan og gekk að næsta legsteini.

TARALDUR MEIDEN 1601 – 1660.

YRJA MATTÍASARDÓTTIR 1601 – 1669

Yrja, amma Irmilínar, var líka dáin. Það var óskaplega tómlegt á Grásteinshólma.

Lind-fjölskyldan af Ísfólkinu átti líka þarna nýlegt leiði.